

21. júlí 2023

Múlaping  
Lyngás 12  
700 Egilsstaðir

**Umsögn vegna breytinga á Aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030 vegna snjóflóðavarna norðan Öldugarðs.**

Vísað er í erindi frá Múlapingi er varðar sameiginlega skipulags- og matslýsingu, auk vinnslutillögu, fyrirhugaðra breytinga á Aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030 vegna viðbótarsnjóflóðavarna norðan Öldugarðs.

Skipulags og matslýsing er unnin af verkfræðistofunni Eflu, dags. 10.5.2023. Þar kemur fram að fyrirhuguð framkvæmd feli í sér byggingu á 5 varnarkeilum norðan við Öldugarð. Aðalskipulagsbreyting gerir ráð fyrir að á þéttbýlisupprætti sé afmörkun á opnu svæði til sérstakra nota nr. 10 varnargarðar stækkað úr 4 ha í allt að 6 ha. Óbyggð svæði minnkar samsvarandi um 2 ha.

Undirrituð hefur farið yfir framlögð gögn með tilliti til laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðum sem á lögunum byggja.

Heilbrigðiseftirlit Austurlands gerir ekki athugasemdir ofangreind gögn en gerir ráð fyrir að geta komið á framfæri athugasemdum, ábendingum og leiðbeiningum á síðari stigum skipulagsvinnunnar.

Virðingarfyllst

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Lára Guðmundsdóttir  
Framkvæmdastjóri